

14. fundur hverfisnefndar Giljahverfis haldinn í Giljaskóla, 9.apríl 2015.

Fundurinn var aðalfundur og byrjaði kl. 20:00

Mættir voru 12.

1. Þetta gerðist:

Rifjað upp hverjir væru í stjórninni.
Finnur Víkingsson, Fannagili 10, formaður
Hafþór Jörundsson, Vættagili 20
Finnur Aðalbjörnsson, Fornagili 15

Varamenn eru:

Orri Stefánsson, Vættagili 5
Linda Guðmundsdóttir, Huldugili 48

Breytingar í Hverfisnefnd, Hlynur Jónsson og Svala Haraldsdóttir hafa hætt í nefndinni og því vantar að fylla í þeirra sæti. Orri Stefánsson bauð sig fram í nefndina en hann var varamaður og Eva Hlín Dereksdóttir Fannagili 1 og Elín Sigríður Eyjólfsdóttir Huldugili 57 buðu sig líka fram. Nýja stjórnin á eftir að funda og skipta með sér verkum.

Stjórnin gerði grein fyrir stöfum sínum á síðasta ári. Haldnir voru tveir formlegir fundir og nokkrir minni spjallafundir milli manna. Einn formlegur fundur var haldinn í Ráðhúsi Akureyrar með starfsmönnum Fasteigna Akureyrarbæjar vegna brettavallar, auk hans hefur formaður nefndarinnar hitt þá líka upp við Giljaskóla í tvígang.

Mikið var rætt um brettavöllinn sem var hugmynd nefndarinnar fyrir árið 2014. Þetta verkefni er í vinnslu og allir fundagesti ánægðir með þetta framtak utan eins sem er íbúi í Skessugili 21 og var einn af þeim sem sendi inn athugasemd til bæjarins í grendarkynningunni sem fram fór út af framkvæmdinni. Bærinn var búinn að taka þetta mál fyrir og var tekið tillit til þessara athugasemdar með því að beina því til umsækjanda að útfæra hljóðmön og gróður á þann veg að skermun gagnvart íbúðabyggðinni verði sem mest.

Brettavöllur er kominn á kortið og standa framkvæmdir yfir núna. Við lögðum okkar umhverfisstyrk 2014 að mestu leiti í þetta verkefni. Fasteignir Akureyrarbæjar er búnir að staðfesta við nefndina að framkvæmdin sé á áætlun 2015 eins og sjá má hér sem fram kom í bréfi frá Óskari Gísla Sveinssyni,

Ég geri ráð fyrir að fjárveitingin hafi þá verið fullnýtt þetta árið. Stjórn Fasteigna Akureyrarbæjar hefur samþykkt fjárveitingu á árinu 2015 þar sem svæðið verður malbikað og brettavöllur kláraður.

Einnig hafa ný tæki verið pöntuð á völinn og búið að greiða inn á þau samkvæmt sama bréfi.

Umhverfisstyrkur 2015 til hverfisnefndar er kr 2.000.000.-

2. Önnur verkefni sem nefndin og fundurinn leggur til fyrir Umhverfisnefndar 2015.

1. Hverfisnefnd er með hugmynd fyrir næstu þrjú árin í hverfinu. Við viljum fara í aukna uppbyggingu á skólalóðinni og viljum koma á stað framkvæmdum við hreystivöll norðan fimleikahúsins og neðan við brettavöllinn. Við vitum að þetta er ekki verkefni sem rúmast ekki innan ramma hvers árs en viljum skipta því niður þannig að hægt sé að fara í það í áföngum. Mikill hugur er í nefndinni með þetta verkefni og fékk hugmyndin góðar undirtektir á aðalfundi hverfisnefndarinnar.
2. Færa hámarkshraða Merkgils niður í 30 km. Skoða möguleika á að þrengja götuna við gangbrautir eða sitja upp hraðahindranir.
3. Klára göngustíga og leiksvæði milli Fannagils/Fossagils og Vikurgils/Vörðugils. Á sama staða setja nýtt gras á fótboltavöllinn. Völlurinn í dag ónothæfur fyrir fótbolta, grjót og glerbrot víða. Í framtíðinni banna snjósöfnun þar. Fjarlægja þarf gula steina sem eru við leiktækin og voru settir til að stoppa umferð en voru færðir. Setja þarf gróður og klára þetta svæði samkvæmt teikningu eins og gert var ráð fyrir í fjárlögum 2014 hjá framkvæmdadeild en ekki hefur verið gert.
4. Klára göngustíga í hverfinu, t.d. norðurenda Fannagils og Fornagils og tengja við stíg við Merkgil, tengja göngu stíg neðan Vættagils við stíg sem kemur frá Huldugili og svo tengja þennan stíg upp í suðurenda Vættagils, Valagils og Vestugils.
5. Gera varanlega göngustíga sem nær upp í Norðurorku.
6. Skoða þarf frágang á læk milli F og V gilja þar sem hann fer í stokk og athuga hvort frágangur þar sé í lagi til að forðast hættur og slys.
7. Eitra á milli F og V gilja fyrir Kerfli sem er að hrella íbúa hverfisins og var mikil umræða um þetta á fundinu. Tillaga kom að búa til fjáröflunarverkefni fyrir 10. Bekk í Giljaskóla við að eyða þessum vágast en skólayfirvöld tóku ekki vel í það verkefni á þeim rökum að krakkarnir væru ekki nógu gömul til að nota þau verkfæri sem nota þyrfti.
8. Fjölga bekkjum við göngustíga, fjölga ruslatunnum á ljósastaurum og einnig við strætóskýli.
9. Hugmynd kom um að mála hjólastíga. Þetta var rætt og kom t.d. hugmynd að skipta stignum sem liggur ofan við skólann og nær frá Borgarbraut norðri að Hlíðarbraut í suðri þannig að einn þriðji af honum væru fyrir hjól og með tilheyrandi merkingu. Sama væri æskilegt að gera á stígnum sem er neðan Hlíðarbrautar.

3. Eftirfarandi teikningar lágu til skoðunar og umræðu.

Teikning af brettavellinum sem verið er að framkvæma og teikningar og myndir af þeim tækjum sem munu koma og er sambærilegt og er á Blönduósi.

Leikvöllur á milli Fossagils og Vörðugils.

4. Tillögur fundarins til stjórnar vegna umhverfisstyrk 2015.

- Hreystivöllur við Giljaskóla. Þetta er verkefni sem þarf að skipta niður á þrjú ár.
- Klára þau verkefni sem þegar eru hafin og eins og fram kemur hér að ofan, t.d. svæðið milli F og V gilja samkvæmt teikningu sem gerð var. Laga fótboltavöll þar líka. Malbika stiga í þessu hverfi eins og örðum hverfum bæjarins.

5. Önnur mál - eldri mál.

Fundurinn vill ítreka eftirfarandi fyrri óskir hverfisnefndar til Akureyrarbæjar.

Að nýji stígurinn við Leikvöllinn á milli Fossagils og Vörðugils verði lagður bundnu slitlagi og lýsingu og að hann verði settur inn á snjómokstursáætlun næsta vetur.

(úr fundargerð 27. maí 2013)

„Hverfisnefndin óskar eftir því við Bæjarráð/Framkvæmdaráð að teknir verði peningar úr liðnum “Gangstéttar og stígar” fyrir stígum og lýsingu á umræddum leiksvæði á milli F-gila og V-gila.“

(úr fundargerð 20. febrúar 2013)

„Leyfilegur hámarkshraði í hverfinu og þá sérstaklega í Merkgigli. Hámarkshraði var hækkaður úr 30 í 50 en ósk hverfisnefndar er að hann verði lækkaður niður í 30 aftur því að mikil umferð barna er yfir götuna. Eins mælt til þess að göngubrautir verði betur upplýstar og jafnvel hraðhindranir með eyju settar upp. Almennt eru gangbrautir yfir Merkgigil með lélega eða enga lýsingu og gangbrauta merkingar óupplýstar.“

Fleir ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 21:30.

Fundarritarar

Linda Guðmundsdóttir og Orri Stefánsson.

Fundargerð ritaði

Finnur Víkingsson.